



Morgunblaðið, 26.07.2022, síðu 14, 15
grein stærð: 373.26 sm2
grein hæð: 14.48 sm

Læknarnir okkar

Eftir Reyni Arngrímsson

Fullnægjandi mönnun í sérgreinum læknisfræðinnar er helsta trygging fyrir sjálfbærri nútímalækni- og sjúklinga. Samkvæmt skýrslu OECD, Health at a Glance (2021) kemur fram að starfandi á Íslandi voru 3,9 læknar á hverja 1000 íbúa sem er nærri meðallagi í Evrópu. Þó heldur færri en ef borið er saman við aðrar Norðurlandabjóðir. Þar eru læknar 4,2 til 5,1 á hverja 1.000 íbúa. Innan Evrópu-sambandsins eru læknar 2,4 til 5,4 á hverja 1.000 íbúa. Fjöldi lækna sem skráðir eru með starfsleyfi á Íslandi í júní 2022 voru 3.176 skv. starfsleyfaskrá landlæknis. Læknar yngri en 70 ára við lok árs 2022 teljast vera um 2.461. Í félagaskrá Læknafélags Íslands (LÍ) eru skráðir 2.624 læknar. Veittar höfðu verið 1.730 sérfræðiviðurkenningar en hluti lækna hefur sérfræðiviðurkenningu í fleiri en einni sérgrein. Til dæmis er algengt að lyflæknar hafi jafnframt hlotið starfsleyfi í einni af undirgreinum lyflækninga. Heildar-náms- og þjálfunartími læknis er langur, þar til hann getur hlotið



Reynir Arngrímsson

starfsleyfi sem sérfræðingur eða um 12-14 ár. Sérnám lækna er fimm ár að jafnaði.

Í hópi lækna sem eru með starfsleyfi í dag og eru yngri en 70 ára eru heimilislæknar fjölmennastir (235) og fast í kjölfarið koma almennir lyflæknar (210) sem margir hverjir starfa fyrst og fremst í einhverri undir-sérgrein. Í næst-fjölmennasta hópnum

eru svæfingalæknar, röntgenlæknar, barnalæknar og almennir skurðlæknar en fjöldi þeirra er á bilinu 100 til 120. Í þriðja hópnum eru geðlæknar, bæklunarlæknar og fæðingar- og kvensjúkdómalæknar en um 70-80 eru með starfsleyfi á Íslandi. Í hópi sérfræðilækna þar sem fjöldi með starfsleyfi er 25 til 50 má nefna hjartalækna, bráðalækna, taugalækna, húðlækna, æðaskurðlækna og krabbameinslækna.

Framtíðarmönnun

Pegar horft er til þróunar næstu 10 ára á meðal núverandi sérfræðilækna, kemur í ljós að á næstu tíu árum ná 100 heimilislæknar sem nú eru skráðir í starfsleyfaskrána 70 ára aldri. Þetta eru 43% hópsins. Hlutfall geðlækna og taugalækna

» Í málum þar sem reynt hefur á kjarasamningsréttindi lækna sem starfa áfram eftir sjötugt hjá ríkinu hafa dómar ekki fallið lækn-um í vil.

sem komast á aldur á næstu 10 árum er svipaður. Einnig mætti nefna barna- og unglingsgeðlækna, húðlækna, meltingarlækna, augnlækna, endurhæfingarlækna, nýrnalækna, æðaskurðlækna og flesta hópa rannsóknarlækna, t.d. meinafræðinga. Um eða yfir 40% þeirra ná sjötugu innan 10 ára.

Í nokkrum sérgreinum læknisfræðinnar verða allir núverandi læknar með starfsleyfi á Íslandi hættir störfum innan tíu ára. Má þar nefna ónæmisfræði, meinafræði og lífefnafræði Þessar greinar eru grunnstoðir rannsóknarþjónustu og réttar sjúkdómsgreiningar byggjast að miklu leyti á þeim. Að jafnaði er um að ræða fámennar en mikilvægar sérgreinar.

Ljóst er að á komandi árum þarf að fjölga læknum vegna vaxandi og nýrra verkefna. Meðal annars vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar og til að efla getu heilbrigð-

iskerfisins til að bregðast við alvarlegum upþákomum. Þó starfsleyfaskráin gefi aðeins grófa mynd af fjölda íslenskra lækna sem hlotið hafa sérfræðiviðurkenningu í sérgreinum læknisfræðinnar, gefur hún vísbendingar um að full ástæða sé til að hafa varann á þegar kemur að framtíðarskipulagi læknisþjónustu í landinu. Til að bregðast við þessu má nefna að uppbygging sérnáms hérlandis í stærstu sérgreinunum, s.s. heimilislækningum og lyflækningum, hefur farið vel af stað en dugar tæplega skv. mannaflaspá LÍ til ársins 2040, til að anna eftirspurn og tryggja sjálfbærni.¹⁾

Sveigjanleg starfslok

Tillaga um breytingar á heilbrigðislögum, sem miða að því að veita heimild til starfa til 75 ára aldurs og innleiða breytingar á ákvæðum um eftirlaunaaldur eru góðra gjalda verð. Mikilvægt er að innleiða rétt til sveigjanlegra starfsloka. En gjalda verður varhug við þessum áformum, nema að jafnframt fari fram endurskoðun til samræmis á starfsmannalögum er lúta að réttindum starfsmanna sem þetta kjósa. Tryggja verður áframhaldandi kjarasamningsbundin réttindi, t.d. greiðslur í lífeyrissjóð, sjúkrasjóð og viðhaldsmenntunarsjóði og að mótframlag vinnuveitenda haldi áfram. Í nýlegum dómsmálum, þar sem

reynt hefur á réttindi lækna hjá hinu opinbera, sem starfa áfram eftir sjötugt, hafa dómar ekki fallið læknum í vil.

Íslenskir læknar sem starfa erlendis eru um eða yfir átta hundruð samkvæmt gögnum Læknafélags Íslands. Margir hverjir eru í sérnámi eða hafa hlotið sérfræðiviðurkenningu í viðkomandi landi án þess að hafa sótt um gagnkvæma viðurkenningu hérlandis og því ekki að finna í starfsleyfaskránni. Neikvæð umræða og langvarandi úrræðaleysi stjórnvalda við að ná tökum á vanda heilbrigðiskerfisins, hefur haft letjandi áhrif á áhuga þeirra til að koma heim. Stjórnvöld og heilbrigðisstofnanir verða að spyrja sig hvaða breytingar og stuðning þau eru reiðubúin að leggja fram til að tryggja að sérfræðipækkning þeirra nýtist hérlandis. Vandir heilbrigðiskerfisins verður tæplega leystur og framþróun tryggð án þess að læknar sæki áfram þjálfun og menntun erlendis, a.m.k. að hluta til. Heilbrigðisyfirvöld mega ekki missa sjónar á því hvar hinn raunverulegi vandi mannaúdsstefnu undanfarinna ára liggur. Þau verða að hafa dug til að takast á við hann.

¹⁾ Reynir Arngrímsson. Hvað þarf marga lækna á Íslandi – mannaflaspá til 2040. Morgunblaðið 8. nóvember 2021.

Höfundur er fv. formaður læknaáðs Landspítala og Læknafélags Íslands.